



## Jafnlaunastefna Lögreglustjórans á Vesturlandi

Stefna Lögreglustjórans á Vesturlandi er að allir starfsmenn embættisins njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir jafn verðmæt störf. Enginn ómálefnalegur launamunur skal vera til staðar og skulu laun ákveðin á sama hátt fyrir alla óháð kyni eða kynvitund, sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Einnig skal taka tillit til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Til að framfylgja jafnlaunastefnunni hefur embættið skjalfest, innleitt og viðhaldið stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins ÍST85/2012.

Embættið greiðir laun á grundvelli kjara- og stofnanasamninga þar sem launákvæðanir eru skjalfestar, rekjanlegar og rökstuddar. Starfsmönnum er alltaf heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef þeir kjósa svo. Jafnlaunastefna er órjúfanlegur hluti launastefnu embættisins.

Lögreglustjóri ber ábyrgð á jafnlaunastefnu embættisins og að henni sé framfylgt.

Til þess að ná því markmiði hefur embættið:

- Innleitt, skjalfest og viðhaldið vottuðu jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85/2012, sbr. lög nr. 56/2017 um jafnlaunavottun.
- Framkvæmt árlega launagreiningu þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf.
- Skuldbundið sig að Bregðast strax við óútskýrðum launamun og frávikum sem kunna að koma upp varðandi launakjör í starfi.
- Viðhaft virkt eftirlit og brugðist við veikleikum.
- Fylgt viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynnt árlega niðurstöður launagreiningar og jafnlaunastefnu fyrir starfsmönnum embættisins.
- Birt jafnlaunastefnu á opinberum vettvangi.

Borgarnesi, 6. desember 2023,  
Gunnar Örn Jónsson,  
lögreglustjóri